



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. / 12



Fyrirhuguð ný aðkoma að þéttbýlinu í Vopnafirði.



Útsýni í átt að Vopnafirði frá stöð 550 á veglínu A.



Ysta húsið við Hafnarbyggð, nýja aðkomu að Vopnafirði.



Horft til norðurs frá Hafnarbyggð, við nýja aðkomu að þéttbýlinu.

Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð á gerð nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði, alls um 2,5 km af vegum, ásamt gerð áningarstaðar og bílastæðis við kirkjugarð. Neðra burðarlag vega á að vera tilbúið fyrir 1. desember 2012 en verkið allt 1. september 2013. Skila skal tilboðum 30. maí 2012.

Forsaga

Nú er að ljúka framkvæmdum við tengingu Vopnafjarðar við Hringveg um Norðausturveg og var nýr vegur opnaður fyrir umferð sl. haust. Í framhaldi af ákvörðun um framkvæmdina, óskaði sveitarstjórn Vopnafjarðar eftir breytingum á tengingu þessa nýja Norðausturvegar við þéttbýlið. Með breytingunni er gert ráð fyrir nýrri aðkomu að Vopnafirði. Felst breytingin

í því, að vegurinn er lagður í sveig utan þéttbýlisins og tengist götunni Hafnarbyggð úr norðaustri þar sem verður ný aðkoma að þéttbýlinu.

Helstu rök sveitarstjórnarinnar fyrir breytingunni er sú að lega núverandi vegar í gegnum þéttbýlið sé óviðunandi vegna bratta og hlykkja, auk þess sem hún liggur um íbúðarsvæði. Þá eigi flutningabílar í erfiðleikum á þessum götum og skapa auk þess hættu fyrir aðra vegfarendur.

Meginhluti þungaumferðar við Vopnafjörð tengist á einn eða annan hátt hafnarsvæðinu og því mun ný aðkoma að bænum með betri tengingu við hafnarsvæðið draga stórlega úr þungaumferð innan þéttbýlisins.


Framhald í næstu opnu.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 20. árg. nr. 588 29. maí 2012

Ritsstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Framhald af forsíðu.

Staðhættir
 Framkvæmdasvæðið er fast við þéttbýlið í Vopnafirði. Vopnafjörður er breiður fjörður eða flói milli Digraness og Kollumúla. Alllangur en mjór tangi, Kolbeinstangi, skagar út í fjörðinn og stendur Vopnafjarðarkauptún á honum austanverðum. Inn af fjarðarbotninum er allbreitt láglandi og ganga þrír dalur upp af því, Hofsdalur, Vesturárdalur og Selárdalur, aðgreindir af hálsum. Dalirnir og byggðin við ströndina kallast einu nafni Vopnafjörður. Í Vopnafirði bjuggu 683 manns í byrjun árs 2010, þar af 540 í þéttbýlinu.

Ný vegtenging
 Legu Norðausturvegar verður breytt í nágrenni þéttbýlisins í Vopnafirði og leggja á nýja tengingu frá Norðausturvegi til Vopnafjarðar. Í tengslum við vegagerðina þarf að auki að byggja tvær stuttar tengingar.

Vegagerðin hafði samráð við Vopnafjarðarhrepp um staðsetningu vegarins. Margir mögulegir kostir voru skoðaðir en niðurstaðan var að leggja til þær veglínur sem nú hafa verið boðnar út. Nýrir vegir munu uppfylla öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Við staðsetningu þeirra var reynt að raska votlendi og fornleifum sem minnst. Nýr vegur skerðir skógræktarsvæðið ekkert. Samtals eru nýju vegarkafarnir um 2,5 km langir.

Um er að ræða tvo nýja vegi. Annars vegar veg A sem er 1,1 km langur og liggur í framhaldi af götunni Hafnarbyggð í þéttbýlinu í Vopnafirði, að vegamótum við nýjan Norðausturveg og þaðan að núverandi Norðausturvegi austan við Nýpslón, og hins vegar veg B sem er 1,14 km langt framhald Norðausturvegar um Vesturárdal. Til viðbótar þarf að byggja tvær nýjar vegtengingar, annars vegar 0,22 km langa tengingu að þéttbýlinu í Vopnafirði, veg C, og hins vegar 0,08 km langa tengingu að vegi að Leiðarhöfn sem er út með Kolbeinstanga, frá stöð 150 á Hafnarbyggð, veg D.

Aðrar tengingar verða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Nýr Norðausturvegur samkvæmt vegi A verður gerður samkvæmt vegtegund C₃, sem er 8,0 m breiður vegur með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 70 km/klst. Ný tenging að Vopnafirði samkvæmt vegi A, (Hafnarbyggð) verður 8,0 m breiður vegur. Hönnunarhraði er 50 km/klst. Nýr Norðausturvegur samkvæmt vegi B verður 7,5 m breiður vegur með 7,3 m breiðu bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 70 km/klst. Vegtenging C verður 7 m breið og D verður 8 m. Hönnunarhraði 50 km/klst. ■

*Heimild: Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu, október 2010
 Helga Adalgeirsdóttir og Gunnar H. Jóhannesson
 Sjá: www.vegagerdin.is*

Auglýsingar útboða

Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur 11-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endur- og nýlög Strandavegar (643) frá Djúpvégi að Geirmundarstaðavegi í Steingrímsfjarðarbotni. Lengd Strandavegar á útboðskaflanum er 2,8 km. Aðrir vegir eru 0,4 km langir. Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Strandabyggð.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	94.750 m ³
Rof- og slettuvarnir	9.800 m ³
Skeringar í vegstæði	63.800 m ³
- þar af bergskeringar	16.900 m ³
Bergskeringar í námum	12.700 m ³
Neðra burðarlag	11.600 m ³
Efra burðarlag	4.700 m ³
Tvöföld klæðing	21.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 29. maí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 19. júní 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Flestir vilja breikka vegina - viðhorfskönnun um þjóðvegi landsins - vetur 2012

Áður birt á vegagerdin.is 14.5.2012

Tæplega þriðjungur aðspurðra vilja breikka vegi eða tvöfalda akreinar, samkvæmt nýrri viðhorfskönnun sem Maskína hefur unnið fyrir Vegagerðina. Þá vilja um 17 prósent bæta vegina eða slitlagið, um 13 prósent bæta mokstur og 10 prósent auka hálkuvarnir. Fyrir tveimur árum vildu meira en 4 af hverjum tíu auka hálkuvarnirnar.


Svipað margir eru jákvæðir gagnvart Vegagerðinni og í síðustu könnunum eða tæp 60 prósent, tæp 11 prósent eru hins vegar frekar eða mjög neikvæð. Átta af hverjum tíu hefur á síðstliðnum tólf mánuðum leitað upplýsinga hjá Vegagerðinni.

Um 66 prósent segjast vera örugg á þjóðvegum landsins, 18 prósent hvorki né en rúm 16 prósent telja sig óörugg. Þetta er svipað og í síðustu könnunum. Þeim fækkar sem telja að kantstíkur og yfirborðsmerkingar séu fullnægjandi en 24 prósent telja þær ófullnægjandi. Heldur færri en áður telja hálkuvarnir fullnægjandi en heldur fleiri eru ánægðir með snjómoksturinn.

Þeim fjölgar sífellt sem leita eftir upplýsingum hjá Vegagerðinni. 80 prósent sögðust hafa gert það síðastliðna tólf mánuði og af þeim höfðu nærri 90 prósent farið á heimasíðu Vegagerðarinnar til þess. Líkt og undanfarin misseri eru meira en 90 prósent ánægð með símsvörunina hjá Vegagerðinni og eru það 92 prósent í þessari könnun.



Sjá könnunina í heild á vegagerdin.is

Sp. 3. Myndir þú segja að þú værir örugg(ur) eða óörugg(ur) þegar þú ekur um þjóðvegi landsins?



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Vegagerðinni?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (10,0)	141	13,1
Frekar jákvæð(ur) (7,5)	484	45,2
Hvorki né (5,0)	332	30,9
Frekar neikvæð(ur) (2,5)	77	7,2
Mjög neikvæð(ur) (0,0)	39	3,6
Gild svör	1072	100,0



Niðurstöður útboða

Brú á Miðá (54)

- viðgerð steypu 12-037

Tilboð opnuð 22. maí 2012. Viðgerð brúar yfir Miðá á Snæfellsnesvegi (54).

Helstu magntölur:

Brot og endursteypa	10 m ²
Múrviðgerðir	35 m ²
Múrviðgerðir (kantar)	49 m
Hreinsun steypu	734 m ²
Sílanúðun	734 m ²
Kústun steypu	734 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2012.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.231.029	100,0	3.352
4 Þórsverk ehf., Reykjavík	8.475.509	82,8	1.596
3 Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	7.989.000	78,1	1.110
2 Vilhjálmur Húnfjörð ehf., Reykjavík	7.070.000	69,1	191
1 Verkvík-Sandtak ehf., Hafnarfirði	6.879.200	67,2	0

Endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalsá 12-025


Tilboð opnuð 22. maí 2012. Endurbýgging á 2 km kafla Hringvegar (1) á Vatnsskarði, frá bænum Vatnshlíð að Valadalsá.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	4.700 m ³
Fylling	10.800 m ³
Fláafleygar	5.200 m ³
Efnisvinnsla	11.000 m ³
Ræsalögn	54 m
Endafrágangur ræsa	7 stk.
Neðra burðarlag	4.700 m ³
Efra burðarlag	4.100 m ³
Tvöföld klæðing	18.000 m ²
Frágangur fláa	24.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2012.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
2 Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkrúki	67.141.000	113,2	10.946
--- Áætlaður verktakakostnaður	59.295.000	100,0	3.100
1 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	56.194.900	94,8	0



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Brú á Hvolsá (590)

- viðgerð steypu 12-038
 Tilboð opnuð 22. maí 2012. Viðgerð brúar yfir Hvolsá á Klofningsvegi (590).
 Helstu magnþölur:

Múrviðgerðir	10 m ²
Múrviðgerðir (kantar)	10 m
Hreinsun steypu	342 m ²
Sílanúðun	342 m ²
Kústun steypu	342 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Pórsverk ehf., Reykjavík	6.181.940	121,4	3.234
---	Áætlaður verktakakostnaður	5.092.843	100,0	2.145
3	Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	4.095.500	80,4	1.148
2	Vilhjálmur Húnfjörð ehf., Reykjavík	3.550.000	69,7	602
1	Verkvík-Sandtak ehf., Hafnarfirði	2.947.600	57,9	0

Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á gerð hringtorgs ásamt aðlögun aðliggjandi vega á mótum Biskupstungnabrautar og Sólheimavegar við Borg í Grímsnesi. Framkvæmdin á að bæta umferðaröryggi á varasömum vegamótum á svæði þar sem einnig er verslunarrekstur og nokkur umferð gangandi vegfarenda. Loftmyndin hér að ofan sýnir væntanleg vegamót. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2012. Skila skal tilboðum miðvikudaginn 30. maí 2012.

Helstu magnþölur eru:

Fyllingar og neðra burðarlag	5.195 m ³
Efra burðarlag	1.115 m ³
Kantsteinar	600 m
Eyjar með túnþökum	490 m ²
Eyjar með steinlögðu yfirborði	575 m ²
Ljósastaurar	14 stk.
Klæðing	480 m ²
Malbik	6.110 m ²

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), breikkun á þverun Borgarfjarðar 12-029

Tilboð opnuð 22. maí 2012. Breikkun á þverun Hringvegarins, af Seleyri sunnan Borgarfjarðar og yfir Borgarfjörð. Í verkinu felst breikkun akbrautar, endurgerð vegaxla, gerð göngu- og hjólreiðastígs, yfirlagsmalbikun og lagfæringar á rofvrönum.
 Helstu magnþölur eru:

Uppúrtekt	4.500 m ³
Lagfæring á rofvrönum	580 m
Efra burðarlag	2.250 m ³
Malbik	15.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	85.992.000	135,8	22.659
2	Próttur ehf., Akranesi	85.612.270	135,2	22.279
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	82.165.000	129,7	18.832
---	Áætlaður verktakakostnaður	63.333.000	100,0	0

Brú á Búlandsá (1)

- viðgerð steypu 12-040
 Tilboð opnuð 22. maí 2012. Viðgerð brúar yfir Búlandsá á Hringvegi (1) í Berufirði.
 Helstu magnþölur:

Múrviðgerðir	8 m ²
Múrviðgerðir (kantar)	5 m
Hreinsun steypu	271 m ²
Sílanúðun	271 m ²
Kústun steypu	271 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Vilhjálmur Húnfjörð ehf., Reykjavík	4.554.000	106,7	1.476
---	Áætlaður verktakakostnaður	4.267.787	100,0	1.190
2	Verkvík-Sandtak ehf., Hafnarfirði	3.318.800	77,8	241
1	Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	3.077.860	72,1	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyldar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
	dagur, mánuður, ár		
12-026	Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012	
12-013	Pingskálavegur (286) 2012	2012	
12-012	Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	2012	
12-019	Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012	
12-031	Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012	
12-021	Borgarfjaraðrbraut (50), vegagerð um Reykjadal­­sá	2012	
12-030	Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútbøð	2012	

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
11-048	Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundarstaðavegur	29.05.12	19.06.12
12-041	Villingaholtsvegur (305), Hamarsvegur - Sandbakki	14.05.12	30.05.12
12-010	Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	14.05.12	30.05.12
12-023	Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt	14.05.12	30.05.12
12-014	Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	14.05.12	30.05.12
11-055	Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	óákveðið

Útbøð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	Samið:
12-037	Brú á Miðá (54) viðgerð steypu	07.05.12	22.05.12
12-038	Brú á Hvolsá (590) viðgerð steypu	07.05.12	22.05.12
12-039	Brú á Böðvarsdalsá (917) viðgerð steypu	07.05.12	22.05.12
12-040	Brú á Búlandsá (1) viðgerð steypu	07.05.12	22.05.12
12-029	Hringvegur (1), breikkun á þverun Borgarfjarðar	07.05.12	22.05.12
12-025	Endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalsá	07.05.12	22.05.12
12-035	Svartá hjá Barkarstöðum, stálbitar	23.04.12	15.05.12
12-008	Yfirlagnir á Suður-, Suðvestur- og Norðvestursvæðum 2012, malbik	23.04.12	08.05.12
12-033	Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik	23.04.12	08.05.12
12-011	Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Böðmódsstaðavegi (366)	23.04.12	08.05.12
12-015	Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá	19.03.12	11.04.12
11-054	Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042	Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018	Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11

Samningum lokið	Opnað:	Samið:	Samið:
12-017	Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing	03.04.12	04.05.12
	<i>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169</i>		

12-018	Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012	17.04.12	16.05.12
	<i>Myllan ehf., kt. 460494-2309</i>		

12-016	Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf	24.04.12	22.05.12
	<i>Árni Helgason ehf., kt. 670990-1769</i>		

12-032	Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013	03.04.12	14.05.12
	<i>Garðlist ehf., kt. 450598-2409</i>		

Útbøð fellt niður	Opnað:	Samið:	Samið:
12-028	Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik		
12-024	Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) norðan Fornahvamms		

Niðurstöður útboða

Brú á Böðvarsdalsá (917)				
- viðgerð steypu	12-039			
Tilboð opnuð 22. maí 2012. Viðgerð brúar yfir Böðvarsdalsá á Hlíðarvegi (917). Helstu magntölur:				
Múrviðgerðir	12	m ²	
Múrviðgerðir (kantar)	5	m	
Hreinsun steypu	241	m ²	
Sílanúðun	241	m ²	
Kústun steypu	241	m ²	
Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2012.				
nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
3 Vilhjálmur Húnfjörð ehf., Reykjavík	5.656.000	102,0	1.811	
--- Áætlaður verktakakostnaður	5.547.075	100,0	1.702	
2 Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	4.358.750	78,6	514	
1 Verkvík-Sandtak ehf., Hafnarfirði	3.844.800	69,3	0	

Svartá hjá Barkarstöðum, stálbitar				
12-035				
Tilboð opnuð 15. maí 2012. Efnisútvegum, smíði, yfirborðsmeðhöndlun og flutningur stálbita fyrir Svartá hjá Barkarstöðum í Svartárdal í Húnavatnshreppi. Helstu magntölur eru:				
Flutningur byggingarefnis	16,1	tonn	
Stálsmiði	16,1	tonn	
Málun stáls	168	m ²	
Heitgalvanhúðun stáls	21,2	m ²	
Álhúðun stáls	10,6	m ²	
Verkinu skal að fullu lokið fyrir 24. ágúst 2012.				
nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)	
--- Áætlaður verktakakostnaður	12.500.000	100,0	2.764	
2 Goðatún ehf., Hafnarfirði	12.413.061	99,3	2.677	
1 Stálgæði ehf., Kópavogi	9.736.373	77,9	0	